



MIÐFLOKKURINN MOSFELLSBÆ

TILLAGA

BORIN FRAM Í BÆJARRÁÐI 11. APRÍL 2019

FLUTNINGSMANNAÐUR – SVEINN ÓSKAR SIGURÐSSON

Bæjarráð felur lögmanni Mosfellsbæjar að leita svara við því hjá ráðuneyti mennta- og menningarmála hvort fleiri en 9 megi sitja í skólaráði Varmárskóla.

Greinargerð

Í skýrslu varðandi innra mat Varmárskóla, sem lögð var nýlega fyrir fræðslunefnd Mosfellsbæjar 13. mars 2019 (fundur nr. 360), komu fram upplýsingar þess efnis að einhver áhöld eru uppi um það innan vébanda Varmárskóla hvort 10 sitji skólaráð eða 9. Ekki er séð annað samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla en að aðeins 1 skólastjóri sitji skólaráðsfundi en ekki 2 og að að hámarki sitji 9 skólaráðsfundi en ekki 10. Mikilvægt er að skýringa sé leitað hjá viðkomandi fagráðuneyti hvernig þessu er háttað. Hafa skólar verið að lagfæra þennan misskilning víða og m.a. hefur ráðuneytið tekið saman sérstaka skýrslu um árangur við innleiðingu grunnskólalaga síðstu ár. Því er mikilvægt að leitað sé formlegra svara í þessu efni sem miðast við þá löggjöf sem í gildi er.

Mosfellsbæ 11. apríl 2019

Virðingarfyllst

Sveinn Óskar Sigurðsson

Fulltrúi Miðflokksins í bæjarráði og

bæjarstjórn Mosfellsbæjar.